

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1595 að því er varðar 23. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 23).

#### 1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2019, frá 13. júní 2019, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1595 frá 23. október 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar 23. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 23).

#### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/1595 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 86/2019, 24. október 2019, bls. 42.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem nýta sér eða skylt er að nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. október 2019.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingi Már Pálsson.**

*Sigurbjörg Guðmundsdóttir.*